# SUÐURLANDSVEGUR

## FRÁ FOSSVÖLLUM
## AÐ DRAUGAHLÍÐUM



**Kynning**

Mars 2010





VEGAGERÐIN

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

- # Framkvæmdin

**Suðurlandsvegur, tvöföldun – Fossvellir - Draugahlíðar**
Verkið felst í tvöföldun og breikkun Suðurlandsvegar (Hringvegar (1)) frá Fossvöllum í Lögbergsbrekku ofan við Lækjarbotna og upp í Draugahlíðabrekku austan við Litlu kaffistofuna. Lengd útboðskafla er um 6,5 km. Að vestan tengist vegkaflinn núverandi þriggja akreina vegi upp Lögbergsbrekku og að austan tengist vegurinn núverandi 2+1 vegi um Svínahraun. Austasti hluti kaflans, um 1,0 km, verður byggður upp sem 2+1 vegur en utan þess verður nýr Suðurlandsvegur 2+2 vegur, víravegrið er í miðdeili vegarins. Vegurinn er tekinn niður í tvær akreinar og sérstaka vinstri beygjuakrein við vegamót við Bláfjallaveg og Bolaölduveg. Einnig er innifalin breikkun brúar á Fóelluvötnum á Sandskeiði, gerð undirganga vestan við Litlu kaffistofuna og landmótun. Sömuleiðis er innifalin lagning jarðstrengs Orkuveitu Reykjavíkur (OR) sunnan Suðurlandsvegar á vestasta hluta útboðskaflans, auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu í samræmi við útboðsgögn. Eftir framkvæmdina verður Suðurlandsvegur með aðskildar akstursstefnur samfellt frá Fossvöllum að vegamótum við Hamragilsveg eða um 11,3 km vegur.

## Almennt

Verkinu er skipt í eftirfarandi aðalverkhluta:

**Verkhluti 1 Vegagerð**

Í þessum hluta eru:

i) Tvöföldun og breikkun Suðurlandsvegar frá vestari útboðsmörkum nærri st. 12.000 að eystri útboðsmörkum nærri st. 18.500. Í þessu felst:

- Tenging núverandi þriggja akreina vegar í Lögbergsbrekku við nýjan 2+2 veg nærri st. 13.100. Á þessum kafla verða tvær akreinar til austurs á núverandi vegi en bætt er við nyrðri akbraut til vesturs sem er ein akrein á stærstum hluta þessa kafla. Undirbyggingu, þ.e. fyllingu, neðra burðarlag og fláafleyga skal þó gera fyrir tvær akreinar á stöðvabili 12.400-13.100, sjá snið S1.
- Tvöföldun vegar frá st. 13.100 að st. 13.900 með gerð nyrðri akbrautar (tvær akreinar til vesturs).
- Gerð vegamóta við Bláfjallaveg (417) í st. 14.320. Suðurlandsvegur er tekinn niður í eina akrein í hvora átt í gegnum vegamótin. Núverandi vegur verður akbraut til austurs, tekin niður í eina akrein vestan vegamótanna og um 100 m austur fyrir þau. Hægri beygja inn á Bláfjallaveg verður gerð með beygjurein og kíl ásamt dropa á Bláfjallavegi. Gera skal nýja akbraut norðan núverandi vegar fyrir akreinar til vesturs, tvær vestan Bláfjallavegar en eina akrein auk sérstakrar vinstribeygjureinar í Suðurlandsvegi austan vegamótanna. Þar sem nyrðri akbrautin verður ein akrein við vegamótin skal gera undirbyggingu, þ.e. fyllingu, neðra burðarlag og fláafleyga, fyrir tvær akreinar, sjá snið S3. Vegamótin verða upplýst.

- Tvöföldun vegar frá st. 14.700 að st. 16.200 með gerð nyrðri akbrautar (tvær akreinar til vesturs).
- Gerð vegamóta við Bolaölduveg í st. 16.610. Suðurlandsvegur er tekinn niður í eina akrein í hvora átt í gegnum vegamótin. Núverandi vegur verður akbraut til austurs, tekin niður í eina akrein vestan vegamótanna og um 100 m austur fyrir þau. Hægri beygja inn á Bolaölduveg verður gerð með beygjurein og kíl ásamt dropa á Bolaölduvegi. Í Suðurlandsvegi skal gera nýja akbraut norðan núverandi vegar fyrir akreinar til vesturs, tvær vestan Bolaölduvegar en eina akrein auk sérstakrar vinstribeygjureinar í Suðurlandsvegi austan vegamótanna. Þar sem nyrðri akbrautin verður ein akrein við vegamótin skal gera undirbyggingu, þ.e. fyllingu, neðra burðarlag og fláafleyga, fyrir tvær akreinar, sjá snið S6. Vegamótin verða upplýst.
- Tvöföldun vegar frá st. 17.000 að st. 17.200 með gerð nyrðri akbrautar (tvær akreinar til vesturs).
- Gerð tengisvæðis 2+2 vegar við 2+1 veg milli st. 17.200 og að st. 17.600. Á þessum kafla þrengist miðdeilir vegarins. Núverandi vegur verður akbraut til austurs, tekin niður í eina akrein en austan kaflans er ein akrein til austurs á 2+1 vegi. Á kaflanum eru tvær akreinar til vesturs.
- Gerð 2+1 vegar með breikkun til norðurs frá st. 17.600 að st. 17.900. Jarðvegsskipt skal undir breikkun vegarins á þessum kafla.
- Gerð skiptisvæðis 2+1 vegar frá st. 17.900 austur fyrir st. 18.300. Innan þessa skiptisvæðis eru vegtengingar við Litlu kaffistofuna, þ.e. uppbygging rampa og stækkun og tenging núverandi bílastæða. Umferðareyjar til leiðingar umferðar eru eins og sýnt er á ferla- og merkingateikningum af þessu svæði. Breikkun núverandi vegar er til norðurs og suðurs á þessum kafla. Jarðvegsskipt skal undir breikkuninni á þessum kafla. Vegamót við Litlu kaffistofuna verða upplýst.
- Gerð 2+1 vegar frá St. 18.360 að útboðsmörkum nærri stöð 18.500, þar sem vegurinn tengist núverandi 2+1 vegi. Þessi vegur er gerður með breikkun til suðurs, og verða tvær akreinar í austur á þessum kafla. Jarðvegsskipt skal undir breikkun vegarins á þessum kafla. Á þessum kafla þarf að aðlaga þverhalla að núverandi vegi í Draugahlíðabrekku, sem er með rishalla. Nýr vegur er einhalla og til aðlögunar þarf að rífa malbik og hækka veg á nyrðri akbraut núverandi vegar.
- Breytingar á öxlum núverandi vegar og malbiksyfirlögn á hann.

Á nyrðri akbraut 2+2 vegar, sem er nýbygging í þessu verki, er lagt einfalt malbik á akbraut og tvöföld klæðing á axlir. Annað malbikslag verður lagt á akbrautina samhliða næsta áfanga sem farið verður í á Suðurlandsvegi. Syðri öxl núverandi vegar, sem verður akbraut 2+2 vegar til austurs á stærstum hluta útboðskaflans, verður breikkuð til suðurs. Nyrðri öxl núverandi vegar skal hins vegar mjókka á stærstum hluta útboðskaflans. Á breyttar axlir og núverandi veg skal leggja eitt malbikslag. Í miðdeili vegarins verða settir brunnar til

afvötnunar. Í 100 mm þykku ysta lagi fláafleyga og miðdeilis skal vera moldarjarðvegur.

Á 2+1 vegi verður tvöfalt malbik, yfirlag á núverandi veg og yfir- og undirlag utan núverandi vegar. Axlir eru malbikaðar utan ystu hluta þeirra, sem eru malaraxlir. Víravegrið er sett í miðdeili 2+1 vegar og 2+2 vegar.

ii) Gerð bráðbirgðavegar vegna reiðganga í St. 17.850. Lengd hans er um 250 m og þversnið í veginn er 2 × 4 m breiðar akreinar með 0,75 m breiðum öxlum hvorum megin. Slitlag á bráðabirgðaveg er tvöföld klæðing.

Við vegagerð í þessu útboði mun verkkaupi leggja mikla áherslu á að fylgt verði reglum um vinnustaðamerkingar.

**Verkhluti 2 Brúargerð**

Í þessum hluta er breikkun brúar á Fóelluvötnum á Sandskeiði. Núverandi brú er 12 m löng steypt plötubrú (rammi) í tveimur höfum byggð árið 1971 og grunduð á klöpp. Kantbitar eða bríkur eru í úthliðum brúarinnar og eru illa farnar vegna steypuskemmda á yfirborði. Stoðvængir liggja út frá ytri veggjum brúarinnar. Sigplötur hvíla á knektum í útbrún ytri veggja brúar.

Brjóta skal bríkurnar af brúnni og stytta brúarveggina sem bríkunum nemur og fjarlægja ásamt stoðvængjunum með sökklum. Aðeins er heimilt að vinna við annan enda brúarinnar í einu og skal setja upp steypta vegtálma milli akbrautar og vinnusvæðis við brúarjaðar. Brúin er breikkuð í báðar áttir og nýir stoðvængir steyptir við enda ytri veggja hennar. Þá skal steypa sigplötur á þann hluta nýbyggingar sem ekki er í miðdeilisvæðinu á milli akbrauta í gagnstæðar áttir á brúnni. Nýir byggingarhlutar eru tengdir við þá eldri með innlímdum tengijárnum. Heildarbreidd brúarinnar verður 35 m mælt milli úthliða nýju bríkanna. Lengd hvers stoðvængjar er 6 m.

Sett verður upp vegrið á brúna sem gengur út á vegaxlirnar við báða enda og tengist röravegriði í öxlum vegfyllingar.

Farvegi árinnar skal breyta norðan Suðurlandsvegar eins og uppdrættir sýna.

**Verkhluti 3 Undirgöng**

Í þessum hluta er gerð undirganga úr stálplötum í St. 17.850, eða um 300 m vestan við Litlu kaffistofuna. Göngin eru fyrir reiðstíg, um 4,5 m breið og 4,0 m há. Fyllt skal í þau með neðra burðarlagsefni þannig að stígur verði 3 m breiður. Í fyllinguna yfir undirgöngin skal leggja PVC dúk til að hindra að saltvatn hripi niður í gegnum fyllingu að stáli. Yfir undirgöngin skal setja vegriðsstoðir í niðurgrafna hólka til að ekki sé hætta á að rjúfa gat á dúkinn.

**Verkhluti 4 Lagnir fyrir OR, Rafveita**

Verktaki skal grafa skurði fyrir og leggja jarðstrengi ásamt ídráttarörum eins og sýnt er á uppdráttum. Varðveita skal núverandi lagnir á vinnusvæðinu.

- **Helstu magntölur, skipt eftir þessum verkhlutum, eru:**

**Verkhluti 1, Vegagerð**

| | |
|---|---|
| Bergskeringar | 20.000 $m^3$ |
| Fylling | 160.000 $m^3$ |
| Fláafleygar | 69.000 $m^3$ |
| Ferging | 32.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 48.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 22.000 $m^3$ |
| Malbik | 118.000 $m^2$ |
| Klæðing | 20.000 $m^2$ |
| Vegrið | 6.500 m |
| Eyjar | 1.100 $m^2$ |
| Götulýsing, skurðgröftur og strengur | 3.500 m |
| Ljósastaurar | 35 stk. |

**Verkhluti 2, Brúargerð**

| | |
|---|---|
| Mót | 1.050 $m^3$ |
| Járnalögn | 38.000 kg |
| Steypa | 290 $m^3$ |

**Verkhluti 3, Undirgöng**

| | |
|---|---|
| Lögn stálplöturæsis | 37 m |
| Vatnsvarnarlag | 350 $m^2$ |

**Verkhluti 4, Lagnir fyrir OR, Rafveita**

| | |
|---|---|
| Ídráttarrör, Ø110mm | 80 m |
| Jarðstrengir | 3700 m |

- **Verktími**

Verkið fer í útboð í febrúarmánuði 2010 og stefnt er að vinnu við verkið á árinu 2010 og verklokum árið 2011.

- **Staðhættir og landnot**

Suðurlandsvegur liggur um strjálbýlt svæði ofan Lögbergsbrekku að Draugahlíðum. Búrfellslína 3 fer yfir Suðurlandsveg á Mosum vestan Sandskeiðs og áform eru um að fjölga línum á þeim slóðum. Ekki er útlit fyrir að staursetning línanna rekist á áform um tvöföldun vegarins.

Bláfjallavegur tengist Suðurlandsvegi á Sandskeiði. Vegurinn þjónar vaxandi starfsemi á Sandskeiðsflugvelli og skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Umferð um vegamótin er mjög mikil um helgar þegar skíðasvæðið er opið.

Gert er ráð fyrir planvegamótum við Bláfjallaveg nú en annarri staðsetningu og mislægum vegamótum í framtíðinni þegar umferðarmagn kallar á það.

Efnistaka hefur verið í Bolaöldum í um 30 ár. Náman er í innan við 20 km fjarlægð frá Reykjavík og reiknað er með að vinnsla verði í námunni í það minnsta til ársins 2018 og að frá námunni aki að jafnaði 100 – 150 bílar á dag til höfuðborgarsvæðisins.

Æfinga- og keppnisaðstaða vélhjólamanna á Bolaöldusvæðinu var opnuð árið 2006. Þar er nú eitt fjölbreyttasta akstursvæði á landinu með tuga kílómetra löngu slóðaneti, byrjendabrautum og keppnisbraut í fullri stærð. Umferð sem svæðinu tengist er mjög mikil um helgar.

Gert er ráð fyrir planvegamótumi við Bolaölduveg nú en mislægum vegamótum í framtíðinni þegar umferðarmagn kallar á það. Þegar mislæg vegamót verða byggð er gert ráð fyrir að leggja af planvegamót við Litlu kaffistofuna og hugsanlega að færa hana.

Sú ákvörðun hefur verið tekin að byggja 2+2 veg frá Fossvöllum og að Litlu kaffistofunni og þaðan 2+1 veg áfram austur að Kömbum. Gert er ráð fyrir planvegamótumi við Litlu kaffistofuna.

## Fyrirliggjandi skipulag og skipulagsáætlanir

Svæðisskipulag

Á vestasta hluta framkvæmdasvæðisins er í gildi Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Lega Suðurlandsvegar er í samræmi við fyrirliggjandi svæðisskipulag og gerð var breytinga á því sem staðfest var 7. september 2009.

Aðalskipulag

Lega Suðurlandsvegar er í samræmi við aðalskipulag í Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ enda hefur vegurinn verið í núverandi legu síðan 1972. Deilt er um lögsögu og lögsögumörk á því svæði sem framkvæmdin nær til og því var skipulagi frestað á svæðinu. Ekkert deiliskipulag er í gildi á framkvæmdasvæðinu.

Aðalskipulag Ölfus 2002-2014 gerir ráð fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar og mislægum vegamótum á fjórum stöðum innan sveitarfélagsins á Suðurlandsvegi í framtíðinni. Framkvæmdin er því í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

## Eignarhald

Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna var úrskurðarður þjóðlenda af Óbyggðanefnd, en sveitarfélögin Seltjarnarnes og Kópavogur kærðu þann úrskurð til dómstóla. Kópavogur og Seltjarnarnes deila um eignarrétt á svæðinu og einnig er deilt um lögsögumörk við Mosfellsbæ.

Óbyggðanefnd úrskurðaði Ölfusafrétt sem þjóðlendu og staðfesti Héraðsdómur Suðurlands þann úrskurð.

## Leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

<u>Framkvæmdaleyfum Kópavogs, Mosfellsbæjar, Seltjarnarness og Ölfus:</u> Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin veiti framkvæmdarleyfi á grundvelli staðfests svæðisskipulags, aðalskipulags og álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Fiskistofa. Leita þarf leyfis Lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu vegna framkvæmda í og við Hólmsá skv. 33. gr. laga nr.61/2006 um lax og silungsveiði.

Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun: Engar fornleifar eru á framkvæmdasvæðinu sem gæta þarf að vegna framkvæmdarinnar samkvæmt niðurstöðu fornleifaúttektar og niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum.

Ekkert friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjaskrá er á framkvæmdasvæðinu.

Heilbrigðiseftirlit: Framkvæmdin fer um umdæmi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Suðurlandsvegur fer um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, bæði um fjarsvæði A. Á fjarsvæði A er atvinnurekstur og starfsemi háð starfsleyfi heilbrigðisnefnda og skal leyfi fyrir slíkri starfsemi því aðeins veita að tryggt sé að grunnvatn mengist ekki. Framkvæmdin er því há leyfi Heilbrigðiseftirlita Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Í Ölfusi er ekki farið um vatnsverndarsvæði og því er aðkoma Heilbrigðiseftirlits Suðurlands óþörf.

Sækja þarf um starfsleyfi vegna staðsetningar vinnubúða til viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Landsnet: Ekki má hefja vinnu í næsta nágrenni við flutningsvirki í rekstri (innan helgunarsvæðis) nema fyrir liggi heimild frá Landsneti. Það er skylda ábyrgðarmanns verksins að hafa samráð við rekstraraðila háspennuvirkisins til að tryggja nauðsynlegar öryggisráðstafanir.




Fastmerkjaskrá - Hringvegur (1) (kaflanr. d9 og e1)
Hæðarkerfi: Landshæðarnet
Hnitakerfi: ÍSN 93 - PPM leiðrétting

| Nafn | N-hnit | A-hnit | Hæð | Ártal | Stöð | Hlf. | Lýsing |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| P-7S | 399233.545 | 371895.597 | 160.480 | | 11,908 | -50 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-8S | 399107.888 | 372069.718 | 165.050 | | 12,104 | 40 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-9S | 399130.955 | 372268.509 | 168.900 | | 12,293 | -27 | 1" rör í 6" steinröri |
| 3614 | 399059.913 | 372498.837 | 171.790 | VR92 | 12,533 | -19 | Hæðarbolti í hraunhellu um 22 m frá punkti P10S |
| P-10S | 399066.291 | 372522.429 | 172.009 | | 12,553 | -32 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-11S | 398922.361 | 372738.010 | 172.865 | | 12,803 | 38 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-12S | 398907.944 | 373002.436 | 173.983 | | 13,055 | -44 | 1" rör í 6" steinröri |
| 3613 | 398846.937 | 373114.154 | 174.271 | VR92 | 13,181 | -33 | Hæðarbolti í hraunhellu |
| P-13S | 398731.385 | 373191.557 | 173.040 | | 13,299 | 42 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-15S | 398631.565 | 373622.604 | 173.320 | | 13,733 | -41 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-16S | 398452.746 | 373838.785 | 173.080 | | 14,003 | 36 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-17S | 398433.868 | 374092.250 | 173.313 | | 14,242 | -49 | 1" rör í 6" steinröri |
| 3612 | 398288.323 | 374316.340 | 175.397 | VR92 | 14,506 | -6 | Hæðarbolti í NA horni brúar yfir Fóelluvötn |
| P-19S | 398148.711 | 374521.293 | | | 14,750 | 39 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-20S | 398122.528 | 374775.856 | 273.800 | | 14,994 | -40 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-22S | 397941.868 | 375204.148 | | | 15,460 | -45 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-23S | 397849.288 | 375412.420 | | | 15,690 | -33 | 1" rör í 6" steinröri |
| 3611 | 397726.973 | 375604.868 | 179.992 | VR92 | 15,911 | 22 | Hæðarbolti í hraunklöpp |
| P-24S | 397705.635 | 375650.354 | 180.990 | | 15,960 | 30 | 1" rör í 6" steinröri |
| P-25-S | 397702.904 | 375899.177 | 185.290 | VR68 | 16,201 | -33 | Rör í hraunklöpp |
| P-26-S | 397591.454 | 376080.177 | 193.220 | VR68 | 16,402 | 37 | Rör í hraunklöpp |
| P-27-S | 397629.446 | 376290.968 | 198.920 | VR68 | 16,603 | -39 | Rör í hraunklöpp |
| P-29-S | 397515.316 | 376647.424 | 209.310 | VR68 | 16,971 | 31 | Rör í hraunklöpp |
| P-30-S | 397559.745 | 376868.876 | 213.210 | VR68 | 17,189 | -28 | Rör í hraunklöpp |
| P-32-S | 397558.763 | 377231.813 | 228.080 | VR68 | 17,553 | -30 | Rör í hraunklöpp |
| P-33-S | 397477.992 | 377442.412 | 228.790 | VR68 | 17,771 | 30 | Rör í hraunklöpp |
| P-34-S | 397418.842 | 377565.800 | 233.900 | VR68 | 17,911 | 56 | Rör í hraunklöpp |
| P-39-S | 397181.245 | 377734.205 | | VR68 | 18,201 | 196 | Rör í hraunklöpp |
| 2424 | 397367.796 | 377953.240 | 233.524 | VR92 | 18,274 | -83 | Hæðarbolti á bak við Litlu Kaffistofuna |
| 3179 | 397716.276 | 378708.664 | 243.007 | LÍ | 18,605 | -841 | Skjöldur í klöpp (1613 II 4) |
| P46SECC | 396780.667 | 378591.480 | 264.080 | VR68 | (19,140) | -61 | Ryðgaður bolti |
| 2422 | 397616.581 | 379589.132 | 249.112 | VR92 | 19,332 | -1348 | Hæðarbolti í hraunklöpp við gamla Suðurlandsveg |
| P-50-S | 396180.769 | 379287.689 | 276.690 | VR68 | 20,054 | -71 | Rör í hraunklöpp (1613 II 4) |
| P-55-S | 395499.943 | 379873.375 | 290.730 | VR68 | 20,939 | -38 | Rör í hraunklöpp (1613 II 4) |
| 23 | 395389.687 | 379878.369 | 289.470 | VR68 | 21,042 | -9 | Rör í hraunklöpp |
| 24 | 395300.918 | 379912.715 | 282.850 | VR68 | 21,135 | -25 | Rör í hraunklöpp |

Mælikvarði 0 200 400 600 800 1000 m

| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. |
|---|---|---|---|---|

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | Júní 2009 | HjS |
| TEIKNAÐ | Júní 2009 | HjS |
| YFIRFARIÐ | 24.06.2009 | GLE |
| SAMÞYKKT | | |

VEGAGERÐIN

## Suðurlandsvegur, tvöföldun
### Fossvellir - Draugahlíðar

vegnúmer: 1 - d9/e1

Yfirlitsmynd

B-02-Yfirlitsmynd.dgn
Mælikvarði (A1): 1:10000
Efla teikning nr.: 2970-132 B-02
útgáfa: 0
teikning nr.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| EFLA VERKFRÆÐISTOFA | | | VEGAGERÐIN | Suðurlandsvegur, tvöföldun<br>Fossvellir - Draugahlíðar | vegnúmer<br>1 - d9/e1 |
| | DAGSETNING | NAFN | | Yfirlitsmynd<br>Framkvæmd 2010 - 2011 | |
| HANNAÐ | Júní 2009 | HjS | | | |
| TEIKNAÐ | Feb. 2010 | HjS | | | |
| YFIRFARIÐ | | | | B101-Yfirlitsmynd Framkvæmd · Mælikvarði (A1) 1:12500 · Efla teikning nr. 2970-132 B101 · útgáfa 0 | teikning nr. |
| SAMÞYKKT | | | | | |

útg. breyting dags. nafn yfirf.




## Skýringar

Öll mál eru í metrum nema annað sé tekið fram

- Miðlína b=0.15
- Kantlína b=0.2
- Kantlína 2 +2 b=0.3
- Deililína 3 + 3 b=0.15
- Deililína 3 + 9 b=0.15
- Hindrunarlína b=0.3
- Kantsteinn
- Axlarbrún
- Óbreytt
- Vegrið
- Steinlögn/munstursteypa
- Skiltastólpi
- Ljósastaur
- B26.70 Bannmerki
- C09.11 Boðmerki
- F03.51 Vegvísar
- G01.21, G04.xx Akreinamerki
- K15.11, K12.12 Gátskildir
- K20.21

Hnit á skiltum á tveimur undirstöðum er gefið á undirstöðuna sem er nær vegöxl

## Hnitaskrá skiltastólpa

| Pkt | A-hnit | N-hnit | Athugasemdir | Skiltanúmer | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 30 | 373890.724 | 398460.128 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B26.70 | G03.xx | |
| 31 | 373936.480 | 398439.968 | Tvö rör | F03.51 | | |
| 32 | 374071.666 | 398420.855 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx | |
| 33 | 374065.814 | 398407.573 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx | |
| 34 | 374165.350 | 398379.580 | Tvö rör | K20.21 | | |
| 35 | 374155.379 | 398372.210 | Rör | B30.12 | | |
| 36 | 374208.934 | 398360.377 | Gitter | G04.xx | | |
| 37 | 374145.028 | 398363.692 | Rör | C09.11 | | |
| 38 | 374110.168 | 398365.859 | Rör, umferðarhulsa | K15.11 | | |
| 39 | 374127.385 | 398340.097 | Rör | A06.11 | | |
| 40 | 374142.022 | 398338.810 | Rör, tvö skilti, umferðarhulsa | C09.11 | K12.12 | |
| 41 | 374146.635 | 398347.887 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | | |
| 42 | 374145.327 | 398329.719 | Tvö rör, tvö skilti | F03.51 | F03.51 | |
| 43 | 374159.572 | 398341.132 | Rör | A06.11 | | |
| 44 | 374159.360 | 398352.937 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | | |
| 45 | 374248.163 | 398302.646 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx | |
| 46 | 374254.009 | 398315.916 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx | |
| 47 | 374244.834 | 398332.798 | Rör | K15.11 | | |
| 48 | 374331.854 | 398305.674 | Sett á ljósastaur | E07.41 | E07.42 | E07.43 |
| 49 | 374408.114 | 398272.622 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | G03.xx | B26.70 | |
| 50 | 374362.358 | 398292.782 | Tvö rör | F03.51 | | |
| 51 | 374385.230 | 398282.689 | Rör, tvö skilti | D03.11 | F16.11 | |
| 52 | 374111.306 | 398402.844 | Sett á ljósastaur | D03.11 | F16.11 | |
| 53 | 373975.407 | 398423.364 | Sett á ljósastaur | E07.41 | E07.42 | E07.43 |

## Hnitaskrá vegriða

| Lína - Vegrið 1 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0,000 | 374166,952 | 398330,231 | | | | |
| 2 | 133,596 | 374292,559 | 398284,725 | R= | ∞ | | |
| Endir | 191,514 | 374345,551 | 398261,350 | | | | |

| Lína - Vegrið 2 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0,000 | 374279,278 | 398327,746 | | | | |
| 2 | 57,918 | 374332,280 | 398304,394 | R= | ∞ | | |
| Endir | 193,008 | 374459,252 | 398258,272 | | | | |

| Lína - Vegrið 3 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0.000 | 374160.435 | 398352.498 | | | | |
| 2 | 47.301 | 374203.721 | 398333.427 | R = | -100.000 | 374244.039 | 398424.938 |
| 3 | 72.935 | 374228.241 | 398326.195 | R = | 150.000 | 374204.543 | 398178.094 |
| Endir | 111.386 | 374265.020 | 398315.347 | | | | |

Mælikvarði 1:500

0 10 20 30 40 50 m

| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. |
|---|---|---|---|---|

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | Júní 2009 | BÁ |
| TEIKNAÐ | Júní 2009 | BÁ |
| YFIRFARIÐ | 24.06.2009 | GLE |
| SAMÞYKKT | | |

VEGAGERÐIN

Suðurlandsvegur, tvöföldun
Fossvellir - Draugahlíðar

Vegamót við Bláfjallaveg
Merkingar

SLV2-Merkingar.dwg | Mælikvarði (A1) 1:500 | Efla teikning nr. 2970-132 B-29 | útgáfa

vegnúmer 1-d9/e1

teikning nr.

## Skýringar

Öll mál eru í metrum nema annað sé tekið fram

- Miðlína b=0.15
- Kantlína b=0.2
- Kantlína 2 +2 b=0.3
- Deililína 3 + 3 b=0.15
- Deililína 3 + 9 b=0.15
- Hindrunarlína b=0.3
- Kantsteinn
- Axlarbrún
- Óbreytt
- Vegrið
- Steinlögn/munstursteypa
- Skiltastólpi
- Ljósastaur
- B26.70 — Bannmerki
- C09.11 — Boðmerki
- F03.51 — Vegvísar
- G01.21, G04.xx — Akreinamerki
- K15.11, K12.12, K20.21 — Gátskildir

Hnit á skiltum á tveimur undirstöðum er gefið á undirstöðuna sem er nær vegöxl







## Hnitaskrá skiltastólpa

| Pkt | A-hnit | N-hnit | Athugasemdir | Skiltanúmer | |
|---|---|---|---|---|---|
| 80 | 376065.943 | 397623.300 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B26.70 | G03.xx |
| 81 | 376114.971 | 397613.408 | Tvö rör | F12.11 | |
| 82 | 376222.590 | 397595.729 | Rör | K15.11 | |
| 83 | 376204.234 | 397619.553 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx |
| 84 | 376206.785 | 397633.827 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx |
| 85 | 376309.251 | 397616.619 | Tvö rör | K20.21 | |
| 86 | 376297.416 | 397606.963 | Rör | B30.12 | |
| 87 | 376294.024 | 397595.669 | Rör | C09.11 | |
| 88 | 376311.051 | 397589.271 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 89 | 376285.403 | 397566.332 | Rör | A06.11 | |
| 90 | 376304.793 | 397567.164 | Tvö rör, tvö skilti | F03.51 | F03.51 |
| 91 | 376298.830 | 397574.711 | Rör, tvö skilti, umferðarhulsa | C09.11 | K12.12 |
| 92 | 376299.958 | 397581.261 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 93 | 376312.757 | 397578.177 | Rör | A06.11 | |
| 94 | 376354.568 | 397609.707 | Gitter | G01.xx | |
| 95 | 376399.035 | 397592.496 | Rör | K15.11 | |
| 96 | 376412.999 | 397578.719 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | G04.xx | B27.70 |
| 97 | 376411.057 | 397564.349 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | G04.xx | B27.70 |
| 98 | 376573.786 | 397582.256 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | G03.xx | B26.70 |
| 99 | 376524.088 | 397587.615 | Tvö rör | F12.11 | |

## Hnitaskrá vegriða

| Lína - Vegrið 4 | | Upphafspunktur | | | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | N-hnit | Y-hnit | Kennstærð | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0.000 | 376311.916 | 397589.141 | | | | |
| 2 | 48.751 | 376360.121 | 397581.864 | R = | -100.000 | 376375.047 | 397680.750 |
| 3 | 65.600 | 376376.914 | 397580.761 | | | | |
| 4 | 99.129 | 376410.437 | 397581.387 | R = | 150.000 | 376413.238 | 397431.406 |
| Endir | 121.173 | 376432.429 | 397580.181 | | | | |

Mælikvarði 1:500 — 0 10 20 30 40 50 m

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. | | | |
| EFLA VERKFRÆÐISTOFA | | | | | VEGAGERÐIN | Suðurlandsvegur, tvöföldun<br>Fossvellir - Draugahlíðar | vegnúmer 1-d9/e1 |
| | DAGSETNING | NAFN | | | | Vegamót við Bolaölduveg<br>Merkingar | |
| HANNAÐ | Júní 2009 | BÁ | | | | | |
| TEIKNAÐ | Júní 2009 | BÁ | | | | | |
| YFIRFARIÐ | 24.06.2009 | GLE | | | | SLV2-Merkingar.dwg | Mælikvarði (A1) 1:500 |
| SAMÞYKKT | | | | | | Efla teikning nr. 2970-132 B-32 | útgáfa |
| | | | | | | teikning nr. | |







## Hnitaskrá vegriða

| Lína - Vegrið 7 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0.000 | 377231.974 | 397529.808 | | | | |
| 2 | 42.651 | 377274.600 | 397528.361 | R = | 1090.650 | 377237.612 | 396438.344 |
| 3 | 320.121 | 377547.738 | 397483.968 | R = | -151.000 | 377590.675 | 397628.719 |
| 4 | 330.709 | 377557.986 | 397481.315 | R = | 300.000 | 377493.041 | 397188.438 |
| 5 | 363.819 | 377589.851 | 397472.380 | R = | 1092.400 | 377237.335 | 396438.406 |
| 6 | 402.854 | 377626.564 | 397459.126 | R = | 811.735 | 377337.338 | 396700.656 |
| 7 | 472.179 | 377690.207 | 397431.691 | R = | -134.311 | 377748.593 | 397552.656 |
| 8 | 480.349 | 377697.668 | 397428.365 | R = | 299.890 | 377583.962 | 397150.875 |
| 9 | 514.306 | 377728.294 | 397413.740 | R = | 808.000 | 377339.418 | 396705.469 |
| 10 | 553.421 | 377762.112 | 397394.092 | | | | |
| Endir | 583.506 | 377787.752 | 397378.354 | | | | |

| Lína - Vegrið 8 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0.000 | 377803.579 | 397368.923 | R = | 1089.250 | 377237.335 | 396438.406 |
| Endir | 98.143 | 377885.008 | 397314.198 | | | | |

| Lína - Vegrið 9 | | Upphafspunktur | | Kennstærð | | Miðpunktur boga | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hluti | Stöð | A-hnit | N-hnit | | | A-hnit | N-hnit |
| 1 | 0.000 | 377893.704 | 397307.700 | R = | 1093.090 | 377235.007 | 396435.375 |
| 2 | 30.630 | 377917.886 | 397288.902 | R = | 1521.386 | 376967.440 | 396100.938 |
| 3 | 75.868 | 377952.785 | 397260.120 | R = | 2723.840 | 376188.655 | 395184.750 |
| 4 | 122.183 | 377987.817 | 397229.824 | | | | |
| Endir | 245.091 | 378080.097 | 397148.641 | | | | |

## Hnitaskrá skiltastólpa

| Pkt | A-hnit | N-hnit | Athugasemdir | Skiltanúmer | |
|---|---|---|---|---|---|
| 140 | 377652.274 | 397458.789 | Rör | B27.70 | |
| 141 | 377650.847 | 397439.110 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B26.70 | G03.xx |
| 142 | 377742.621 | 397418.407 | Gitter | G01.22 | |
| 143 | 377788.604 | 397377.831 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 144 | 377795.193 | 397387.794 | Rör | A06.11 | |
| 145 | 377802.725 | 397369.444 | Rör, tvö skilti, umferðarhulsa | C09.11 | B30.21 |
| 146 | 377821.814 | 397383.728 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 147 | 377819.598 | 397375.413 | Rör, umferðarhulsa | B01.21 | |
| 148 | 377813.184 | 397372.127 | Sett á ljósastaur | B30.11 | |
| 149 | 377886.327 | 397321.600 | Rör, tvö skilti, umferðarhulsa | B01.21 | B19.11 |
| 150 | 377885.410 | 397313.901 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 151 | 377893.832 | 397316.128 | Rör, umferðarhulsa | B30.11 | |
| 152 | 377893.306 | 397308.001 | Rör, tvö skilti, umferðarhulsa | B30.21 | C09.11 |
| 153 | 377893.580 | 397327.675 | Rör, umferðarhulsa | C09.11 | |
| 154 | 377899.342 | 397332.678 | Rör | B01.21 | |
| 155 | 377910.578 | 397315.902 | Rör | B26.15 | |
| 156 | 377904.603 | 397309.162 | Rör, umferðarhulsa | K15.11 | |
| 157 | 377943.544 | 397254.504 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B27.70 | G04.xx |
| 158 | 377983.167 | 397244.654 | Gitter, tvö skilti á einum stólpa | B26.70 | G03.xx |

| útg. | breyting | dags. | nafn | yfirf. |
|---|---|---|---|---|

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | Júní 2009 | BÁ |
| TEIKNAÐ | Júní 2009 | BÁ |
| YFIRFARIÐ | 24.06.2009 | GLE |
| SAMÞYKKT | | |

VEGAGERÐIN

# Suðurlandsvegur, tvöföldun
## Fossvellir - Draugahlíðar
### Vegamót við Litlu Kaffistofuna
### Merkingar

vegnúmer 1-d9/e1

SLV2-Merkingar.dwg | Mælikvarði (A1) 1:500 | Efla teikning nr. 2970-132 B-35 | útgáfa | teikning nr.